

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	21.12.2015
Málalýkill	00.48
Mál nr.	1512259



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 17. desember 2015
Tilv.: IRR15100136/21.0

Uppgjör Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á rekstrargrunni

Á ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í lok september sl. kom fram að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefði frá yfirfærslu grunnskólans verið gerður upp bæði á rekstrar- og greiðslugrunni. Á rekstrargrunni hafa verið gerð upp þau framlög sjóðsins er byggja á lögbundnum framlögum frá ríki. Á greiðslugrunni hafa hins vegar verið gerð upp þau framlög sjóðsins er byggja á hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars, þ.e. framlög vegna yfirfærslu grunnskólans og framlög vegna þjónustu við fatlað fólk þegar þau komu til.

Í framhaldi af þeirri vinnu sem fram fór við mat á faglegum og fjárhagslegum áhrifum yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks var ákveðið að færa uppgjör þeirra framlaga sjóðsins er tengjast yfirfærslunum báðum á rekstrargrunn til samræmis við færslu sveitarfélaganna á tekjum af staðgreiðslunni. Breytingin mun ná fram að ganga hvað árið 2015 varðar.

Með tilvísun til þessa mun 13. mánuður framangreindra framlaga, þ.e. vegna yfirfærslu grunnskólans og málefna fatlaðs fólks, vera bókfærður hjá sjóðnum 31. desember nk. sem inneign sveitarfélaganna hjá sjóðnum í árslokin 2015 þó framlögin til sveitarfélaganna vegna 13. mánaðarins komi ekki til greiðslu fyrr en í lok janúar 2016 þegar staðgreiðslan fyrir desember liggur fyrir.

Þetta hefur í för með sér að uppgjör framlaga sjóðsins til sveitarfélaganna vegna ársins 2015 mun ekki liggja fyrir hjá sjóðnum fyrr en um mánaðamótin janúar/febrúar 2016. Hafi sveitarfélagið einhverjar spurningar varðandi framkvæmd þessa þá vinsamlega hafið samband við starfsmenn sjóðsins.

Fyrir hönd ráðherra

Elín Pálsdóttir
Elín Pálsdóttir

Guðni Geir Einarsson
Guðni Geir Einarsson

Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.03.2026